

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 145/2004**

**frá 29. október 2004**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2004 frá 24. september 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2004 frá 25. febrúar 2004 um breytingu á I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2004 frá 24. mars 2004 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32004 R 0324:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2004 frá 25. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 16),
- **32004 R 0546:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2004 frá 24. mars 2004 (Stjtið. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 13).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 324/2004 og 546/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 38.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 58, 26.2.2004, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 13.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.